

# VEIÐIDAGBÓK



UST

Umhverfisstofnun  
Veidistjórnarsvið

2004



Skýr

EFNISYFIRLIT  
9. árgangur

UST  
Umhverfisstofnun  
Veidistjórnarsvið

FIGURÐ • HREYSTI • HOLLUSTA

### KEA-skýrið ljúffeng hollustuvara

KEA-skýrið er ein vinsælasta hollustuvaran á markaðnum í dag. Það er mjög bragðgott, prófínníkt og nánast fitulaust.



Leiðari .....	2
Refir og minkar .....	3
Rjúpnaveiðimenn og rjúpnarannsóknir .....	6
Um veiðimenn .....	10
Skipting landsins í veiðisvæði .....	18
Veiðiskýrsla .....	19
Veiðidagbók veiðimannsins .....	22
Réttar veiðiskýrslur í okkar þágu .....	31
Veidikortakerfið .....	33
Veiditölur .....	34
Friðlýst svæði .....	36
Kort af friðuðum svæðum .....	38
Happdrætti .....	40
Fuglamerki, hvað á að gera við þau? .....	42
Boð og bönn .....	44
Veidítímabil, tafla .....	48

Veidistjórnarsvið Umhverfisstofnunar gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

**Veidistjórnarsvið** • Hafnarstræti 97 • 600 Akureyri

Sími: 462 2820 • Bréfasími: 462 2325

Heimasíða: [www.ust.is](http://www.ust.is) • Tölvupóstur: [veidistjorn@ust.is](mailto:veidistjorn@ust.is)

**Ljósmynd á forsiðu:** Jóhann Óli Hilmarsson

**Prentvinnsla:** Ásprent • 600 Akureyri • Sími 4 600 700

**Ritstjóri:** Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri veiðikorta

**Ábyrgðarmaður:** Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður veiðistjórnarsviðs



Viðburðaríkt ár er að baki fyrir veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar. Í upphafi árs tók við skipulagning á umskórnarkerfi fyrir hreindýraveiðileyfi og var allt ferlið sett í gagnagrunn til þess að tryggja algert hlutleysi við úthlutun leyfanna. Forritið gefur hverjum veiðimanni slambítölu og úthlutar leyfunum eftir því hversu lágt númer þeir fá.

Þá tók við úrvinnsla úr könnun meðal veiðikorthafa og voru niðurstöðurnar settar í skýrslu sem kom út sl. haust. Hægt er að nálgast þær á pdf-formi á vef Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

Tölulegar upplýsingar um refa og minkaveiðar árin 1958 og 1960 voru slegnar inn í gagnagrunn. Það auðveldar alla úrvinnslu og nú er nú er hægt að komast því hvert veiðiátakið var á þessum tíma.

Þann 26. ágúst var undirritaður samningur við Ríkislögreglustjóra um að Umhverfisstofnun tæki við fræðsluþætti skotvopnánámskeiða þannig að í framtíðinni er hægt að samræma námselni, próf og kröfur um allt land. Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn til sviðsins til þess að halda utan um námskeiðin.

Síðla sumars tilkynnti ráðherra þá ákvörðun sína að alfríða rjúpu næstu þrjú ár. Sú ákvörðun hafði mikil áhrif á starfsemi sviðsins t.d. dróst aðsókn að veiðinámskeiðum saman um 40%. Einnig vantar okkur nokkuð hundruð veiðiskýrslur á rjúpu fyrir árið 2002 þar sem stórt hlutfall veiðikorthafa

stundar eingöngu rjúpnaveiðar og sækir um veiðikort rétt fyrir veiðitímamann og skilar um leið veiðiskýrslu seinasta árs. Af þeim veiðiskýrslum sem berast nú eftir áramót er ljóst að sumir veiðimenn láta reiði sína bitna á veiðikortakerfinu og skila inn skýrslum sem ekki er mark takandi á. Verra er þó þegar menn skila inn veiðiskýrslum sem sýna enga veiði en hafa samt stundað veiðar. Hægt er að vinsa úr þær skýrslur sem augljóslega eru rangar en við vitum ekkert um hinar sem geta skekkt myndina verulega. Það þarf tæpast að taka fram að þessi viðbrögð skaða veiðikortakerfið og um leið eitt virkasta stjórntæki sem völ er á varðandi veiðar. Ónóg þekking á veiðum og afleiðingum þeirra dregur úr markvissri stjórnun og möguleikum á sjálfbærri nýtingu veiðistofnanna. Skemmd á veiðikortakerfinu mun því efalltíð koma niður á veiðimönnum þegar til langs tíma er litið.

Það skal þó tekið fram að enn er um líf-inn minnihluta veiðimanna að ræða, aðrir hafa kosið að láta óánægju sína í ljós án þess að það bitni á veiðikortakerfinu.

Hvaða áhrif alfríðan á rjúpu mun hafa á veiðikortakerfið mun tíminn leiða í ljós en ljóst er að rof mun myndast í vöktun á veiðitölum. Undirritaður hvetur veiðimenn til þess að skila inn réttum veiðitölum og viðhalda veiðikortakerfinu eftir fremsta megni. Það er mikið hagsmunamál veiðimanna þegar til lengri tíma er litið.

Áki Ármann Jónsson.



## ÁKI ÁRMANN JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR

VEIÐISTJÓRNUNARSVIÐ UMHVÆRFISSTOFNUNAR

Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 2003 eins og undanfarin ár. Skil á skýrslum hafa batnað síðustu árin með sameiningu sveitarfélaga. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir árið 2003 og


til samanburðar kostnaðurinn árin 2002 og 2001.

Refaveiðin árið 2003 dróst saman um tæplega 10% frá árinu 2002. Erfitt er um að segja hvað veldur. Ein skýring gæti verið sú að refastofninn á vestanverðu landinu

Tafla 1: Árið 2003 – tölur frá 2002 og 2001 til samanburðar

	Refir			Minkar		
	2003	2002	2001	2003	2002	2001
Veidd dýr	4.832	5.268	4.677	7.323	7.249	6.961
Vinnustundir	12.656	13.246	14.358	16.357	15.844	17.623
Eknir km.	52.461	54.676	53.795	86.995	82.787	88.646
Kostn. millj. króna	55	56	50	44	39	36
Kostn. pr. veitt dýr	11.341	10.630	10.605	6.036	5.380	5.229
Vinnustundir pr. veitt dýr	2,6	2,5	3,1	2,2	2,2	2,5
Eknir km. pr. veitt dýr	10,9	10,4	11,5	11,9	11,4	12,7

## Refaveiði 1957-2003



se byrjaður í niðursveiflu og því veiðist minna eða að veiðiálag hafi dregist saman á árinu.

Á síðasta ári var lokið við að slá inn nákvæmar upplýsingar um veiði

og veiðiátak ársins 1960 inn í gagnagrunn. Þegar þær tölur voru bornar saman við árið 1996, sem er seinasta árið sem við höfum góðar upplýsingar um veiðiátak, kom í ljós

Tafla 2:


	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
<b>2003</b>	2.154	833	1.845	4.832
<b>2002</b>	2.571	790	1.907	5.268
<b>2001</b>	1.860	881	1.936	4.677
<b>2000</b>	1.899	757	1.812	4.468
<b>1999</b>	2.073	731	1.769	4.573
<b>1998</b>	1.476	629	1.669	3.774

að veiðiátakið var svipað þessi tvö ár. Þetta kom á óvart þar sem umræðan virðist oft á tíðum snúast um það að stórlega hafi dregið úr veiðum á ref hin síðari ár. Nú er verið að ljúka við innslátt á veiðigögnum fyrir árið 1958 og verður athyglisvert að sjá hvort sama niðurstaða komi út.

Nokkur aukning er í minkaveiði á milli ára. Þegar tölurnar eru skoðaðar aftur í tímann er athyglisvert að sá tími sem tekur að vinna hvert dýr er nær undantekningarlaust 2,2 vinnustundir. Árið 2001 sker sig

nokkuð úr en þá þurfti 2,5 vinnustundir pr. dýr. Þetta gæti verið vísending um að minkastofninn hafi orðið fyrir áfalli veturinn 2000/2001. Vissa um það fæst ekki þar sem enginn vöktun er á stofnstærð minksins. Það er orðið mjög aðkallandi að stofnstærð minks á Íslandi verði mæld og stofnstærðin síðan vöktuð svo hægt sé að fylgjast með áhrifum veiða á stofninn og ekki síst til að sjá hvenær stofninn verður fyrir áföllum.

## Minkaveiði 1957-2003



# UMSÖGN UST UM RJÚPU 2003



## DAVÍÐ EGILSON OG ÁKI ÁRMANN JÓNSSON

**Vegna fyrirspurna veiðimanna um afstöðu Umhverfisstofnunar til aðgerða til verndar rjúpnastofnunar á síðastliðnu ári sjáum við ástæðu til að birta umsögn Umhverfisstofnunar síðastliðið sumar.**

*Reykjavík, 18 júlí 2003*

Með bréfi dagsettu 7. júlí óskaði umhverfisráðuneytið eftir afstöðu Umhverfisstofnunar til tillagna Náttúrufræðistofnunar til verndar rjúpnastofnunarinnar. Frestur sem Umhverfisstofnun var gefinn til þess að svara bréfinu var til loka vinnudags 9. júlí.

Eftir viðræður við ráðuneytið var Umhverfisstofnun gefinn frestur til þess að skila inn tillögum fyrir lok vinnudags 18. júlí.

Forstjóri og forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs voru kallaðir

til fundar í ráðuneytinu 9. júlí en einnig funduðu ofangreindir með forstjóra Náttúrufræðistofnunar og fuglafræðingum Náttúrufræðistofnunar hinn 16. júlí þar sem farið var yfir fyrirliðgjandi gögn.

Tillaga Náttúrufræðistofnunar gengur út á að algert veiðibann verði sett á rjúpnaveiðar í fimm ár með endurskoðunarmöguleikum eftir þrjú ár. Slík veiðistjórnunaraðgerð á sér fáar hliðstæður í sögu rjúpnaveiða á Íslandi þar sem lengsta alfriðun til þessa stóð í tvö ár. Umhverfisstofnun sem sér um framkvæmd veiðikortakerfisins í samræmi við lög nr. 64/1994 með síðari breytingum telur að rökstyðja verði vel slíkar aðgerðir og líta verði til mismunandi sjónarmiða við slíkt mat.

Umhverfisstofnun, sem á lögum samkvæmt að gera tillögur til Umhverfisráðherra og hafa um-

sjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu, gerir athugasemdir við það að fá svo stuttan frest til þess að leggja mat sitt á svo róttækar tillögur. Athygli skal vakin á því að bæði forstjóri og forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs voru komnir í sumarfrí þegar þessar tillögur Náttúrufræðistofnunar komu til umsagnar. Þar sem málið er aðkallandi frestuðu þeir frítöku og var reynt að ná til forstjóra og sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar og óska eftir fundi sem fyrst til að heyra sjónarmið þeirra. Viðkomandi aðilar voru einnig í sumarfrí eða í starfi úti á landi og eini tíminn sem þeir gátu mætt til fundar var þann 16. júlí sl. kl.10:00-13:00. Því hefur tíminn nýst illa til að afla gagna og fara yfir þau.

Hjálögð greinargerð lýsir afstöðu stofnunarinnar og eru þessar niðurstöður helstar:

◇ Það er mat stofnunarinnar að núverandi ástand rjúpnastofnsins sé verulegt áhyggjuefni og draga þurfi úr sókn. Einkanlega þarf að ná til magnveiðimanna sem verður væntanlega best gert með hagrænum lausnum eins og sölubanni.

◇ Umhverfisstofnun er sammála tillögum Náttúrufræðistofnunar að auka beri gríðasvæði fyrir rjúpunu til framtíðar.

◇ Umhverfisstofnun sem er umsjónaraðili með veiðikortakerfinu vill ennfremur benda á eftirfarandi:

- Af 7.000 veiðikortahöfum sem skila inn einhverri veiði ár hvert eru það 4.600 eða 67% sem einungis veiða rjúpu.
- Veiðikortakerfið mun raskast verulega verði gripið til alfriðunar og líklegt er að í ár muni sama prósentutala veiðimanna (67%) af þeim 7.000 veiðimönnum sem þegar hafa greitt veiðikort sín gera kröfu um endurgreiðslu.

◇ Umhverfisstofnun sem er stjórnsýslustofnun og ber sem slíkir að fylgja meginreglum stjórnsýslu- laga og líta til fleiri sjónarmiða en Náttúrufræðistofnun, telur að þau gögn sem lögð hafa verið fram og hún er beðin að segja álit sitt á, sýni ekki fram á nauðsyn þess að alfriða rjúpunu í tiltekinn árafjölda. Með því er Umhverfisstofnun ekki að segja að hún telji ástand rjúpnastofnsins vera viðunandi, heldur að rökstyðja verði

betur ástæður þess að gripð sé til þeirra aðgerða sem lagðar eru til og að hvaða markmiði er verið að stefna. Umhverfisstofnun telur ennfremur að rétt sé að kanna á þessu ári hvort vægari úrræði dugi ekki til að ná markmiðum friðunar. Sér í lagi bendir Umhverfisstofnun á að grundvöllur tillagna Náttúrufræðistofnunar um langtímafriðun þegar stofninn hefur vaxið er myndun gríðlanda fyrir rjúpunu.

Langnákvæmasta mæling á virkni þeirra aðgerða fæst með upplýsingum sem fengnar eru úr veiðikortakerfinu. Verði alfriðun til lengri tíma hverfur tækifærið til að meta árangur af slíkum aðgerðum.

↳ Eftir að hafa skoðað fyrirleggjandi gögn telur Umhverfisstofnun að svigrúm sé á þessu ári til að grípa til mildari aðgerða en Náttúrufræðistofnun leggur til ef beita á varúðarreglunni til þess að ná stofninum upp úr núverandi lægð.

↳ Meðan unnið er að frekari rökstuðningi telur stofnunin að vænlegra sé að grípa til mildara aðgerða í bili og vinna að heildstæðari aðgerðaáætlun vegna

veiðistjórnunar á rjúpu. Helstu tillögur Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:

- **Að veiðar verði heimilaðar í mesta lagi í mánuð og veiðitímabilið endað 15. nóv.**

Rjúpur sem eru á lífi í desember eru verðmætari en aðrar rjúpur á veiðitímabilinu þar sem þær hafa lífað af náttúruleg afföll og mjög líklegt að rjúpa sem er á lífi 1. des. muni lífa til vors.

- **Bann við veiði á sunnudögum.**

Gefur rjúpunni einn frídag í viku auk þess sem það mun draga úr veiði frístundaveiðimanna sem og atvinnuveiðimanna.

- **Bann við veiði 1-2 daga í miðri viku** sem hugsanlega gæti dregið úr sókn atvinnumanna.

- **Mikill áróður af hálfu Umhverfissráðuneytis og undirstofnana þess í fjölmiðlum (Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar) um ástand stofnsins og hvatningu um að hver og einn veiðimaður veiði í hæsta lagi 6 rjúpur.** Pennan þátt mætti einnig styrkja með sjálfviljug-

um aðgerðum skotveiðimanna – svo sem með undirritaðri drengskaparyfirlýsingu um að hver og einn veiði aðeins umræddan fjölda – ekki verði framsal á veiði o.fl. þ.h.

- **Þegar skil á veiðitölum sem innihalda sóknardaga og talning á svæðum liggur fyrir verði metið hvort aðgerðirnar hafi skilað árangri** – eða hvort takmarka þurfi frekari sókn sem væntanlega yrði gert annað hvort með aukningu á gríðlöndum eða að stytta veiðitímann enn frekar.
- **Skráning á gríðasvæðum rjúpunnar hafin og unnið að því að auka þau á næsta ári.**

↳ Loks leggur Umhverfisstofnun

áherslu á að gerður verði skýr greinarmunur á stjórnsýslu annars vegar og rannsóknnum hins vegar þegar gera þarf tillögur um veiðistjórnun. Umhverfisstofnun telur eðlilegast að slík tillögu-gerð sé í höndum stofnunar sem hefur með veiðistjórnun fugla og spendýra að gera.

Það hjálpaði viðfangsefninu best að tilvitnaðar stofnanir hefðu með sér samráð og skiptust á gögnum og skoðunum áður en slíkar tillögur eru lagðar fram.

Virðingarfyllst,

**Davíð Egilson**

forstjóri

**Áki Ármann Jónsson**

forstöðumaður

veiðistjórnunarsviðs



## ARNÓR ÞÓRIR SIGFÚSSON,<sup>1</sup> ÁKI ÁRMANN JÓNSSON,<sup>2</sup> BJARNI PÁLSSON<sup>2</sup> OG EINAR GUÐMANN<sup>2</sup>

### Inngangur

Veturinn 2001-2002 var gerð könnun meðal veiðikorthafa þar sem spurt var um ýmislegt varðandi veiðar svo sem hegðun veiðimanna og viðhorf til veiða (Áki Ármann Jónsson o.fl. 2003). Um hluta könnunarinnar var fjallað í síðustu veiðidagbók (Arnór Þ. Sigfússon o.fl. 2003) og hér verður haldið áfram umfjöllun um niðurstöður könnunarinnar. Að þessu sinni verður aðallega fjallað um spurningar sem voru úr alþjóðlegri könnun (Ericsson, G. 2000) og snúa fyrst og fremst að veiðimönnum sjálfum, af hverju þeir byrjuðu að veiða,

hvenær þeir byrjuðu og fleira í þeim dúr.

### Aðferðir

Þúsund manna slembiúrtak var tekið úr hópi allra veiðikorthafa frá upphafi, en þeir voru 17.989 þegar könnunin fór af stað. Þátttakendum var sent bréf til útskýringar og boðið að bóka tíma til svara. Hringt var í þátttakendur á fyrirfram ákveðnum tíma ef menn höfðu bókað, annars var reynt að ná í þá síðdegis og að kvöldi. Ritari Veiðistjórnunarviðs Umhverfisstofnunar hringdi í þátttakendur og síðan voru þeir sendir á spyril og honum aðeins sagt kyn og aldur


veiðimanns. Þannig vissu spyrilarnir ekki við hvern þeir ræddu og svörin því ekki tengd nafni.

Af þeim 1.000 sem völdust í úrtakið náðist í 702 og af þeim svöruðu 643 eða um 92%. Aldursdreifing úrtaksins samsvaraði vel aldersdreifingu allra veiðikorthafa (Arnór Þ. Sigfússon o.fl. 2003).

### Niðurstöður

Hvað gerir menn að veiðimönnum? Er það eitthvað sem þeim er í blóð borið, er það áhugi á útivist

eða veiðidýrunum eða eru það áhrif annarra í kringum þá? Spurt var hvað hefði vakið áhuga veiðimannsins á skotveiðum og gefnir tólf möguleikar á svari auk þess sem hægt var að nefna annað ef ekkert af tilgreindum ástæðum átti við (1. mynd). Nefna mátti fleiri en eina ástæðu og því svarafjöldinn meiri en úrtaksstærðin. Greinilegt er að langflestir gerast veiðimenn vegna áhrifa eða hvatningar frá fjölskyldu (50%) eða vinum (20%). Ef skoðað er hve margir sögðu




Mynd 1. Hver eða hvað vakti áhuga þinn á skotveiðum?

<sup>1</sup> VST, Ármúla 4, 108 Reykjavík

<sup>2</sup> Umhverfisstofnun, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri

annað hvort fjölskylda eða vinir þá voru um 72% veiðimanna sem tilgreina það sem ástæðu. Einnig nefna 10% að félagsskapurinn hafi vakið áhugann og er það líklega að hluta til af sama meiddi. Veiðieðlið nefna um 15% sem ástæðu en aðrir þættir eru innan við 10%. Næsta spurning var hvort faðir veiðimannsins væri eða hefði verið veiðimaður og svöruðu um 51% því játandi (2. mynd) og sé það skoðað í samhengi við síðustu spurningu er líklegt að faðirinn sé sá sem hefur mest áhrif á hvort menn gerast veiðimenn. En


hvenær byrja menn að veiða? Spurt var á hvaða aldri veiðimennirnir hafi verið þegar þeir byrjuðu að veiða fugla eða spendýr. Um helmingur þeirra segist hafa byrjað veiðar yngri en 20 ára (3. mynd). Tæp 30%, byrja 20-24 ára en álíka margir byrja 15-19 ára. Þetta er athyglisverð niðurstaða í ljósi þess að skotvopnaleyfi fá menn ekki fyrr en þeir eru 20 ára gamlir þó hægt sé að fá veiðikort yngri. Ef þessi spurning, hvenær menn byrja veiðar, er samkeyrð við fyrstu spurninguna um hvað hafi vakið áhuga manna



**Mynd 2.** Er eða var faðir þinn skotveiðimaður?

á veiðum þá kemur í ljós að af þeim sem byrja veiðar yngri en 20 ára þá nefndu 67% þeirra fjölskyldu sem ástæðu en einungis 34% þeirra sem byrja 20 ára eða eldri byrja fyrir tilstilli fjölskyldumeðlima. Það má því draga þá ályktun af þessum þremur spurningum að flestir veiðimenn hefja veiðar fyrir tilstilli ættingja, helst föður, eða vina og prófa veiðar með þeim áður en þeir afla sér tilskilinna réttinda. Það að verðandi veiðimenn prófi veiðar áður en réttinda er aflað er í samræmi við það sem margir þátttakendur í

veiðikortanámskeiðum Umhverfisstofnunar segja þegar þeir eru spurðir hvort þeir hafi veitt áður. Það er á vissan hátt jákvætt að veiðimenn hafi prófað veiðar áður en réttinda er aflað, þó svo að það sé lögbrot, að því tilskyldu að það hafi verið undir handleiðslu vanna veiðimanna. Því hefur oft verið velt upp í tengslum við umræður um veiðinámskeið hvort ekki væri rétt að setja slíkt í lög að verðandi veiðimenn geti fengið einhverskonar æfingaleyfi svipað og nú tíðkast við undirbúning fyrir ökuþróf. Viðkomandi fengju þá leyfi til



**Mynd 3.** Hversu gamall/gömul varstu þegar þú byrjaðir að veiða fugla eða spendýr?



að meðhöndla skotvopn og prófa veiðar undir handleiðslu veiðikort-hafa, t.d. ættingja sem bæri þá ábyrgð á læringnum. Slíkt gæti stuðlað að bættri umgengni við skotvopn og dregið úr slyshættu en í dag getur verðandi veiðimaður fengið skotvopnaleyfi og farið á fjöll eftir nokkurra daga námskeið.


Það hefur vakið athygli að þó að um 600 manns fái veiðiréttindi í fyrsta sinn hjá Umhverfisstofnun á ári hverju þá er fjöldi útgefnna veiðikorta nokkuð stöðugur á milli

ára. Annað hvort eru þá álíka margir veiðimenn að hætta veiðum og bætast við á ári hverju, aðeins hluti þeirra sem aflar sér réttinda fær sér veiðikort, veiðimenn veiða ekki á hverju ári eða þá eru að veiðimenn oft að veiða án þess að afla sér veiðikorts. Líklega eiga allar þessar ástæður við í einhverjum mæli. Spurt var hvort veiðimennirnir hefðu haldið til veiða síðustu 12 mánuði og sögðust þá um 40% veiðimanna ekki hafa gert það (4. mynd). Þegar spurt var hvort veiðimenn hefðu


einhvern tímann haldið til veiða án veiðikorts þá svöruðu einungis um 10% þeirri spurningu játandi. Ekki var spurt beint hvort menn hefðu lagt byssuna á hilluna og hætt veiðum þannig að við getum ekki mælt það en líklega er skýringanna fyrst og fremst að leita þar og svo hve hátt hlutfall veiðimanna veiðir með hléum, en það getur verið breytilegt milli ára. Það að 10% segist hafa haldið til veiða án veiðikorts þarf ekki að þýða að það sé árlegt hlutfall því spurt var hvort þeir hefðu einhvertíma gert

það án þess að hafa endurnýjað veiðikortið.

Eitt af því sem kannað er í alþjóðlegu könnuninni og einnig hér er hvort veiðimenn tilheyri skotveiði- eða skotiþróttafélögum. Af aðspurðum sögðust aðeins um 15% veiðimanna tilheyra skotveiði- eða skotiþróttafélagi. Því ættu um 2.700 manns af tæplega 18.000 veiðikorthöfum að vera félagar í slíkum félögum. SKOT-VÍS er það félag sem flestir af þessum veiðimönnum eru félagar í með tæp 50% af þeim sem eru í



Mynd 4. Hefur þú farið á veiðar síðastliðna 12 mánuði?



Mynd 5. Í hvaða skotveiði- eða skottfélagi er þú félagi?

félagi (5. mynd). Út frá því má áætla að SKOTVÍS hafi um 1.300-1.400 félaga og samkvæmt upplýsingum frá Hjördísi Andrésdóttur starfsmanni SKOTVÍS voru félagar árið 2002 þegar könnunin var gerð milli 1.100-1.200 greiðandi félagsmenn og skeikar hér ekki miklu. Skotfélag Reykjavíkur sem er íþróttafélag, er næststærst með um 15% af þeim sem eru í félögum og önnur félög eru með innan við 10%. Félagsskapur skotveiði-

manna hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Auk þess að gæta hagsmuna félagsmanna þá standa flest þessara félaga fyrir fræðslustarfi, byggja og reka æfingarsvæði og fleira. Einnig setja þau sér öryggis- og síðareglur um veiðar og meðferð vopna og stuðla að bættri umgengni veiðimanna um náttúru landsins. Af þeim tölum um félaga-fjölda sem hér koma fram þá er greinilega sóknarfæri hjá þessum


félögum því aðeins lítill hluti veiðimanna eru félagar í þeim.

En í ljósi þess sem hér hefur verið rætt, er þá veiðimönnum að fjölga? Því er oft haldið fram í umræðu um veiðar og kannski eðlileg ályktun í ljósi þess að þjóðin fer stækkandi og menn hafa meiri frítíma en áður og eru betur tækjum búnir til útivistar og fjallaferða svo dæmi séu tekin. Ef hinsvegar niðurstaða spurningarinnar um hve lengi veiðimenn hafi stundað veiðar er skoðuð kemur hið gagnstæða í ljós (6. mynd). Ef fjöldi veiðimanna stæði í stað eða þeim færi fjölgandi ættu súlurnar yfir 1-5 ára og 6-10 ára veiðireynslu að vera langhæstar og svo ættu þær að fara jafnt og þétt lækandi eftir það. Það sést hinsvegar að færri veiðimenn hafa 1-10 ára veiðireynslu en þeir sem hafa 11-20 ára reynslu og sé haft í huga eins og sagði að ofan að þjóðin fer hægt stækkandi þá virðist sem nýliðun veiðimanna fari minnkandi og þeim sé því að fækka. Veiðikortakerfið tók gildi árið 1995 og þá var farið að gera auknar kröfur til nýrra veiðimanna og þeir sendir á námskeið og í próf. Hugsanlegt

er að þetta hafi áhrif á nýliðun en af samtölum okkar við erlenda veiðimenn og samtök sést víða erlendis sama mynstur, veiðimönnum fer fækkandi og meðalaldur þeirra hækkar því nýliðun vantar. Ef þessi minnkandi nýliðun heldur áfram mun það leiða til þess að það dregur úr veiðiálagi á næstu árum og áratugum, að því gefnu að veiðiafköst og sókn breytist lítið. Þessu er vert að gefa gaum við framtíðar skipulagningu veiða, meðal annars á rjúpunni þegar friðun hennar verður aflétt á ný. Og áframhaldandi fækkun veiðimanna leiðir kannski til þess að þeir lenda brátt á valista.


### Heimildir:

- Armór Þórir Sigfússon, Áki Ármann Jónsson, Bjarni Pálsson og Einar Guðmann 2003. *Hve áreiðanlegar eru veiðiskýrslur?* Veiðidagbók Veiðistjórnunarviðs Umhverfisstofnunar 2003. 8. árg. 11-18.
- Áki Ármann Jónsson, Armór Þórir Sigfússon, Bjarni Pálsson og Einar Guðmann 2003. *Skoðana- og viðhorfskönnun meðal skotveiðimanna.* Skýrslur og kannanir: UST 03/15.
- Göran Ericsson 2000. *En undersökning om djur, natur och jakt.* Könnun gerð við sænska Landbúnaðarháskólann.



Mynd 6. Hversu lengi hefur þú stundað skotveiðar?

# Skipting landsins í sex veiðisvæði



## Svona lítur veiðiskýrslan út fyrir árið 2004

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	SAMT:	FJÓLDI VEIÐIDAGA
Svarbakur								
Sílamáfur								
Silfurmáfur								
Hrafn								
Grágæs								
Heiðagæs								
Fyll								
Dílaskarfur								
Toppskarfur								
Blesgæs								
Helsingi								
Stökkönd								
Urtönd								
Rauðhöfðaönd								
Duggönd								
Skúfönd								
Hávella								
Toppönd								
Hvítmáfur								
Hettumáfur								
Rita								
Álka								
Langvía								
Stuttnefja								
Teista								
Lundi								
Rjúpa								
Kjói								
Refur								
Minkur								
Hreindýr								

## Minkaveiðimenn!



Undanfarin tvö ár hefur staðið yfir rannsókn til að meta stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi og áhrif veiða á hann.

Rannsóknin er á vegum Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi í samvinnu við Líffræðistofnun Háskólans og veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar.

Samtals voru 164 minkar veiddir til merkingar og voru þeir frostmerktir til að greina mætti þá frá ómerktum. Merkið kemur fram sem hvít hár á utanverðu læri afturfótar, ýmist faein hár eða greinilegur blettur. Minkarnir voru einnig einstaklingsmerktir með örmerki undir húð, sem lesa má með þar til gerðu tæki.

Endurheimtur merktra minka fara fram með hefðbundnum veiðum og því er þátttaka og samvinna við veiðimenn nauðsynleg til að marktækar niðurstöður fást. Takist vel til fást upplýsingar um stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi, veiðilagið á stofninum, náttúruleg vanhöld minka og vegalengdir sem þeir geta ferðast. Niðurstöðurnar verða notaðar til að leitast við að ná betri árangri við minkaveiðar í framtíðinni.

Þar sem fyrstu niðurstöður benda til að minkar geti ferðast a.m.k. nokkra tugi kílómetra frá merkingarstað og að í sumum tilfellum er frostmerkingin ógreinileg eða ósýnileg, er nauðsynlegt fyrir verkefnið að þeir sem veiða minka á Vesturlandi sendi alla minka sem þeir veiða (ekki eingöngu þá minka sem greina má frostmerki á).

*Greiddar verða kr. 400 fyrir hvern fullorðinn mink en kr. 5.000 sé hann merktur og kemur sú upphæð til viðbótar hefðbundnum veiðilaunum.*

Best er að setja hvern mink í poka með miða þar sem fram kemur nafn og heimilisfang veiðimanns, dagsetning veiði, veiðiaðferð (hundar, gildirur o.s.frv.) og nákvæm staðsetning. Skott þarf ekki að fylgja en mikilvægt er að merkja sendinguna sem frostvöru. Sendingarkostnaður verður greiddur af viðtakanda. Æskilegt er að minkarnir séu frýstir nýveiddir en óskað er eftir að fá öll hræ, hvernig sem ástand þeirra er. Veiðimenn sem taka þátt fá sendar upplýsingar um niðurstöður að rannsókn lokinni.

*Allir minkar sem veiðast á Vesturlandi skulu sendast til Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi.*

## Minkaveiðimenn!



# Minkaveiðimenn á Vesturlandi!

Munið að senda alla veidda minka til Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi, vegna rannsóknir á stærð minkastofns.

Greiddar verða kr. 400 fyrir hvern ómerkta, fullorðinn mink og kr. 5.000 fyrir hvern merkta mink. Þessar greiðslur koma til viðbótar verðlaunum sveitarfélaga.

**Leggið ykkar að mörkum til að auka þekkingu á minknum og gera minkaveiðar skilvirkari.**



**Náttúrustofa Vesturlands**

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur  
Sími 438 1122

## Minkaveiðimenn!

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veiðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veiðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU

Veðistaður: \_\_\_\_\_ Dags \_\_\_\_\_

Landeigandi: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Tegund \_\_\_\_\_ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals
_____					
_____					
_____					

# RÉTTAR VEIÐISKÝRSLUR Í OKKAR ÞÁGU



## SIGMAR B. HAUKSSON

formaður Skotveiðifélags Íslands

Gríðarleg óánægja hefur verið með þá ákvörðun umhverfisráðherra að banna rjúpnaveiðar næstu 2 árin, ekki verður fjallað um þann þátt málsins hér. Gremja veiðimanna hefur m.a. beinst að veiðikortakerfinu og einhver hópur veiðimanna telur að upplýsingar úr veiðikortakerfinu hafi verið notaðar gegn þeim þegar ákvörðun um rjúpnaveiðibannið var tekin. Þá telja margir veiðimenn að þeir hafi engin tók á að sýna mótmæli sín á annan hátt en að senda inn engar eða rangar upplýsingar á veiðiskýrslum sínum.

Innan raða skotveiðimanna eru skiptar skoðanir um þetta mál. Stjórn Skotveiðifélags Íslands hefur rætt þetta mál á fundi sínum, þar sem félagsmenn auglýstu eftir afstöðu félagsins í þessu máli. Stjórn SKOTVÍS tók þá ákvörðun að skora á félagsmenn sína, sem

og aðra skotveiðimenn, að standa vörð um veiðikortakerfið og skila inn réttum upplýsingum. Skoðana-könnun veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar sýnir svo ekki verður um villst að upplýsingar í veiðikortakerfinu eru gríðarlega nákvæmar. Hér er því um mjög mikilvægar upplýsingar að ræða þegar teknar eru ákvarðanir um stjórnun veiða. Veiðikortakerfið er byggt upp fyrir fé okkar skotveiðimanna og hefur nú verið í stöðugri þróun síðan árið 1995. Í því er að finna þær einu og ábyggilegustu upplýsingar sem við höfum um veiðar á villtum dýrum hér á Íslandi.

Afar brýnt er því að við stöndum vörð um veiðikortakerfið, það er í okkar veiðimanna þágu. Með því að vinna skemmdarverk á veiðikortakerfinu er verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.



ASPRENT



**MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM OG NOTUÐUM BYSSUM**

**HREINDÝRARIFFLAR**

**Sako • Tikka • Remington • Ruger • Savage • Winchester**

**EINNIG SÉRPÖNTUM VIÐ FLESTAR GERÐIR AF BYSSUM**

**Vesturröst • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík**

Sími: 551-6770 • 581 4455 • www.vesturröst.is • vestrost@mmedia.is

## VEIÐIKORTAKERFIÐ



Rekstur veiðikortakerfisins gekk vel á seinasta ári en miklar kostnaðarhækkunarir urðu á árinu. Miklu munaði þó að þurfa ekki að senda um 9.500 veiðimönnum bréflaga veiðiskýrslu heldur rafræna þ.e. í tölvupósti. Eftir að alfriðun á rjúpu var kunngerð, hrundi fjöldi umsókna og ætla má að um 40% samdráttur sé fyrirsjáanlegur í veiðikortakerfinu á árinu 2004.

Ár	Fj. Umsókna	Útg. veiðikort	Gr. veiðikort	Innkoma	Rekstur
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8

Á seinasta ári var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun refastofnsins	1.825.000	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Vöktun rjúpnastofnsins	12.000.000	Náttúrufr.st. Íslands	Ólafur Karl Nielsen
<b>Samtals</b>	<b>13.825.000</b>		

## VEIÐITÖLUR

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Sóknardagar 2002	Stofnstærð að vori	
Svarbakur	35.787	32.785	29.801	32.342	25.133	20.210	18.023	17.137	3.323	50.000	
Sílamáfur	22.340	22.390	27.625	34.030	19.865	26.742	17.753	22.909	2.754	25.000	
Silfurmáfur	5.998	4.798	4.881	7.868	6.289	5.569	5.190	6.504	1.711	4.000	
Hrafn	7.119	6.653	5.987	5.564	4.555	3.087	3.884	2.833	1.655	2.500	
Grágæs	35.350	37.657	41.240	38.017	35.038	32.504	32.622	30.471	8.693	83.000	Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Heiðargæs	10.695	12.182	14.674	15.396	13.903	14.271	12.535	11.406	3.452	200.000	Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Blesgæs	3.237	2.947	3.185	3.245	3.319	3.563	3.700	2.885	989	32.000	Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Helsingi	1.876	1.619	2.629	2.283	1.376	1.412	1.409	918	328	32.000	Heildarfj. fugla að hausti á Bretl.eyj.
Stökkönd	9.885	11.507	10.635	10.989	9.336	10.443	9.672	8.267	3.845	10-15.000	
Urtönd	1.033	1.377	1.207	1.099	1.190	2.348	1.743	1.369	571	3-5.000	
Rauðhófaönd	684	709	637	668	811	1.688	1.356	833	327	4-6.000	
Duggönd	101	173	232	86	183	204	238	185	80	4-6.000	
Skúfönd	126	70	158	203	473	82	103	91	67	6-8.000	
Hávella	2.022	1.860	1.556	1.496	1.843	1.949	1.912	1.517	363	1-3.000	
Toppönd	488	757	672	674	546	559	725	553	209	2-4.000	
Hvítmáfur	3.942	4.546	3.771	3.187	5.496	4.251	3.111	2.471	1.112	8.000	
Hettumáfur	2.958	2.696	2.854	2.306	1.910	1.527	1.274	1.191	356	25-30.000	
Rita	1.371	1.461	2.324	1.433	1.596	1.724	2.135	1.242	920	900.000	
Dílaskarfur	2.550	2.980	2.762	1.894	1.657	2.161	3.352	2.313	500	2-3.000	
Toppskarfur	5.128	6.499	4.423	2.257	2.237	2.783	3.809	3.147	526	8-9.000	
Fýll	8.059	8.920	10.093	9.037	7.739	10.495	10.323	8.158	920	1-2 milljónir	
Álka	18.461	27.588	20.862	25.185	27.946	20.323	21.914	21.207	1.264	380.000	
Langvía	52.867	65.179	59.529	65.612	59.797	66.567	52.297	57.892	1.945	990.000	
Stuttnefja	15.114	20.489	15.443	18.495	21.673	16.572	17.278	15.039	1.034	580.000	
Teista	3.424	4.082	3.942	3.876	4.882	4.692	4.852	3.174	644	20-30.000	
Lundi	215.517	232.936	186.400	160.075	127.680	128.246	136.320	121.504	12.182	2-3 milljónir	
Rjúpa	123.392	158.363	166.129	159.188	153.263	129.168	101.466	78.177	15.444	50-100.000	
Kjöi	2.617	2.292	1.993	1.752	1.302	1.293	1.183	1.020	707	5-10.000	
Refur	3.677	3.535	3.957	4.523	4.905	5.415	5.403	5.637	3.022	3.900	fjöldi dýra að vori
Minkur	6.341	6.718	8.016	7.780	7.730	8.638	8.301	8.377	4.655	>3.500	fjöldi dýra að vori
Hreindýr	329	361	260	300	406	359	462	552	736	2.500	fjöldi dýra að vori
Súla (ungar)	707	994	636	686	438	831	1.196	493	17	23.000	

### Stofnstærð að vori - Varppör nema annað sé tekið fram

Athugið að heildarstofnstærð er ((varppör x 2) + ökyngroska fuglar)

Dæmi: Rjúpnastofn að hausti ((75.000 x 2) + 700.000 ungar) = 850.000 fuglar



### Kæru veiðimenn

Ákstur utan vega er bannaður. Ástæða þess að reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er auðlind sem taka verður tillit til. Gáleysisleg umgengni og átroðningar er líkleg til að valda miklum spjöllum og breytingu á ásýnd lands m.a. vegna veðráttu og norðlægrar legu landsins. Jarðvegur hér er ríkur af ösku, vikri og öðrum áfoksefnum. Hann er grófur og laus í sér og því auðrofinn. Á hálendinu einkennist gróðurþekjan víða af mosaríkum sverði og gisnum háplöntugróðri. Gróðurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi, láta fljótt á sjá og eru lengi að gróa upp. Sýnum því samstöðu – hlifum landinu við akstri utan vega.

### Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru 85 fríðlýst náttúruverndarsvæði. Sérstakar umgengnisreglur gilda á hverju svæði fyrir sig. Á eftirtöldum svæðum eru skotveiðar bannaðar með þeim undantekningum sem getið er. Á þeim svæðum sem ekki er getið í listanum er meðferð skotvopna ekki óheimil með vísan í náttúruverndarlög. Hinsvegar er landeigendum, sveitarstjórn og hagsmunaaðilum heimilt að setja strangari reglur. Upplýsingar um gildandi reglur á fríðlýstum svæðum er að finna í auglýsingum B-deildar Stjórnartíðinda og á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is)

Svæði	Augl.nr.	Undantekningar frá banni
<b>Suðvesturland</b>		
Astjörn	189/1978	
Ástjörn og Ástjall	658/1996	
Eldey	119/1974	
Grötta	13/1984	
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	
Varmárósar	506/1987	
<b>Vesturland</b>		
Blautós og Innstavogsnes	166/1999	
Búðahraun	357/1979	
Geitland	283/1988	
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Húsafellsskógur	217/1974	
Melrakkaey	118/1974	
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988	

Snæfellsjökull 568/2001  
Hvanneyri 364/2002

### Vestfirðir

Flatey 395/1975  
Homstrandir 332/1985  
Hrísey 425/1977  
Vatnsfjörður 96/1975

### Norðurland Vestra

Hrútey í Blöndu 521/1975

Miklavatn 29/1977  
Spákonufellshöfi 444/1980

### Norðurland Eystra

Böggvissaðafljall 432/1994  
Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss 457/1996  
Fríðland í Svarfaðardal 443/1980  
Herðubreiðarfríðland 272/1974  
Jökulsárgljúfur 359/1993  
Vestmannsvatn 30/1977

### Austurland

Díma í Löni 523/1975  
Esfjufjöll í Breiðamerkurjökli 188/1978  
Fólkvangur Neskaupstaðar 333/1972

Hólmanes 393/1973  
Hvannalindir í Kreppungu 32/1973  
Ingólfshöfi 388/1978  
Kringilsárrani 524/1975  
Lönsóræfi 31/1977  
Ósland 427/1982

Salthöfi og Salthöfðamýrar 249/1977  
Skaftafell 319/1984  
Skrúður 513/1995

### Suðurland

Dyrhólaey 101/1978  
Dverghamrar 446/1987  
Gullfoss 141/1979  
Herdisarvík 121/1988  
Oddaflóð 634/1994  
Pollengi og Tunguey 457/1994  
Skógafoss 477/1987  
Surtsey 122/1974  
Þingvellir Lög 59/1928  
Þjórsárver 507/1987

Bændum er heimilt að bægja frá vargi.

Meindýrav. til varnar æðarvarpi eru heimilar

Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósþéttar. Eyðing meindýra er heimil

Rjúpnaveiðar eru heimilar

Landeigendum eru heimilar dýraveiðar

Meindýraveiðar bænda eru heimilar

Eyðing meindýra er heimil

Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar. Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.

Veiðiréttur landeigenda er óbreyttur Eyðing meindýra er heimil skv. ákvörðun stjórnar fólkvangsins Eyðing meindýra er heimil

Ábúanda er heimil hlunnindanýting

Hlunnindanýting bænda er heimil.

Skot bönnuð nær eynni en 2 km Meindýraveiðar eru heimilar



## Skilahappdrætti Veidistjórnunarviðs 2004

Þann 5. febrúar var dregið úr þeim 4.999 skýrslum sem var skilað inn fyrir 1. febrúar. Eftirtaldir aðilar höfðu heppnina með sér:

### 1. verðlaun

*Bók, Byssur og skotfimi  
eftir E.J.Stardal*

### 1. Einar Bjarnason

Eystri-Dalbæ, 880

### 2.-6. verðlaun

*Myndbandsspóla, Veidiklær, Veidi-matargerð-náttúra, Landmark kvikmyndagerð*

### 2. Helgi Guðmundsson

Háhvammi 5, 220 Hafnarfjörður

### 5. Björn Sigurjónsson

Mánabraut 4, 870 Vík

### 3. Örn Eyfjörð Arnarson

Laxeyri, 320 Reykholt

### 6. Jóhannes Jónsson

Arnartanga 13, 270 Mosfellsbær

### 4. Ægir Þórðarson

Breiðuvík 11, 112 Reykjavík

### 7.-8. verðlaun

*Áttavitar*

### 7. Karl Eiríksson

Löngumýri 15, 600 Akureyri

### 8. Halldór Þorsteinsson

Bakkabakka 4b, 740 Neskaupsstað

### 9.-30. verðlaun

*Skoðana- og viðhorfskönnun meðal skotveiðimanna  
Skýrsla Veidistjórnunarviðs Umhverfisstofnunar*

### 9. Lúðvík Bjarnason

Austurgötu 6, 550 Sauðárkrúkur

### 11. Bóas Kristinn Bóasson

Hlíðargötu 27, 740 Neskaupsstaður

### 10. Alexander Kristinn Smárason

Álfabyggð 6, 600 Akureyri

### 12. Guðni Bridde

Kamsvegi 10, 104 Reykjavík

13. Vilhjálmur Leó Agnarsson  
Prastarási 1, 221 Hafnarfjörður

22. Ríkharð Einarsson  
Ásgerði 7, 730 Reyðarfjörður

14. Jakob Jens Thorarensen  
Aðalstræti 15, 400 Ísafjörður

23. Björn Nielsson  
Birtingakvísl 64, 110 Reykjavík

15. Guðrún Ásgrímsdóttir  
Hellu, 611 Grímsey

24. Guðmundur Benediktsson  
Öldubakka 5, 860 Hvalsóllur

16. Rúnar Jón Árnason  
Eiðismýri 8a, 170 Seltjarnarnesi

25. Huginn Magnús Egilsson  
Barmahlíð 37, 105 Reykjavík

17. Sigurður Ríkharð Steinarsson  
Hlaðhömrum 9, 112 Reykjavík

26. Jón Steindór Valdimarsson  
Funafold 89, 112 Reykjavík

18. Jóhann Önfjörð Kárason  
Saudí-Arabíu

27. Halldór Björgvinsson  
Breiðvangi 20, 220 Hafnarfjörður

19. Tómas Zoega  
Sunnubraut 42, 200 Kópavogur

28. Aðalsteinn Björnsson  
Smáratúni 43, 230 Keflavík

20. Birkir Þorsteinsson  
Brunngötu 16, 400 Ísafjörður

29. Sigurður Guðmundsson  
Heiðarvegi 41, 900 Vestmannaeyjar

21. Hreinn Ólafsson  
Ólafsgesla 93, 113 Reykjavík

30. Egill Ólafsson  
Stekkur 23, 450 Patreksfjörður

www.fluguveiði.is

fluguveiði.is  
vefur veiðimannsins

Fáðu reglulegar fréttir og fróðleik um bæði skotveiði og stangveiði. Þessar eru 200 greinar og 1000 ókeypis myndir á fluguveiði.is

Fréttabréf

Ókeypis fréttabréf um skotveiði og stangveiði!

# FUGLAMERKI

## HVAÐ Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/líthringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lifnaðarhætti þeirra, ferðir, lífslengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthöfundur merkingastöðvar og raðnúmer, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlitill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttra aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merktan fugl, þá sendu merkið og upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands  
Fuglamerkingar  
Pósthólf 5320  
IS - 125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merкта fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merкта rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hverrar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrottinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

*Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
sími 5 900 500, símbréf 5 900 595*

## Sérverslun skotveiðimannsins



Bíldshöfða 12 · Reykjavík · Sími 567 5333  
Haukamýri 4 · Húsavík · Sími 464 1009  
[www.hlad.is](http://www.hlad.is)



## Úrdráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994 er Umhverfissráðherra veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfissráðherra gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/94.

Fuglafríðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en ekki í reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31.mars í lögnum en til 15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is). Á

heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur frá 1995 og áætlaða stofnstærð þeirra.

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbýla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

### Við veiðar er m.a. óheimilt að nota.

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- súlu- og skarfsungum.

4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefu-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Ongla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufluka.
7. Fótþoga eða gildir.
8. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.
9. Segubandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með raferindatekjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn svo og handlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hátsjálfvirk með skothylkiahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi brád. Hunda má hins vegar nota til að finna brád og sækja særða eða dauða brád.
17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílar meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, önnur en vélsleða og fjórhjól, má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum

eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja eða ungataka súlu, dilaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefu, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefu í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

**Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.**

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfænaði eða æðarvarpi stafar þeim hættu af. **Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land** nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiarinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

Veiðiárið telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Umhverfisstofnun er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja

saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu á bls. 48.

Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.



# Thermos hitabrúsi

ómissandi  
ferðafélagi



# THERMOS


Heildsöluumbod: John Lindsay ehf.

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst	Septembar	Oktober	Nóvember	Desember	Veiðitími
Tegund													Allt árið
Svartbakur													Allt árið
Silamáfur													Allt árið
Silfurmáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08 - 15.03
Heiðgæs													20.08 - 15.03
Fýll													01.09 - 15.03
Dílaskarfur													01.09 - 15.03
Toppskarfur													01.09 - 15.03
Blesgæs													01.09 - 15.03
•Helsingi													01.09 - 15.03
Stökkönd													01.09 - 15.03
Urtönd													01.09 - 15.03
Rauðhöfðaönd													01.09 - 15.03
Duggönd													01.09 - 15.03
Skúfönd													01.09 - 15.03
Hávella													01.09 - 15.03
Toppönd													01.09 - 15.03
Hvítmáfur													01.09 - 15.03
Hettumáfur													01.09 - 15.03
Rita													01.09 - 15.03
Álka													01.09 - 10.05
Langvía													01.09 - 10.05
Stuttnefja													01.09 - 10.05
Teista													01.09 - 10.05
Lundi													01.09 - 10.05
Rjúpa													Friðud
Kjói													15.04 - 14.07

Adeins í og við fríblýst æðarvarp

ATH! Helsingi er fríðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp lítil alíslenskur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til

## Hreinn veiðipjarkur



## Afkomandi ótal kynslóða



Remington 11-87 Premier,  
formfögur og skotvís

# Remington®

Umboð á Íslandi:

## Veiðiland

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbær

Sími: 588-5830 • Fax: 588-5835 • phh@veidiland.is

The Benelli logo consists of a grey square icon with a white diagonal line, followed by the word "Benelli" in a bold, red, sans-serif font.

# Benelli

**5 ára ábyrgð**

á öllum nýjum byssum



**Helstu útsölustaðir:**

**Reykjavík:**

Hlað • Vesturröst • Útilíf • Nanoq • Veiðihornið  
Jóhann byssusmiður

**Landsbyggðin:**

Veiðikofinn, Egilsstaðir • Hlað, Húsavík  
Sjóbúðin, Akureyri • Rás, Þorlákshöfn  
Skagfirðingabúð, Sauðárkróki  
Kaupfélag, Blönduósi